

Mál 3/2018

Ár 2018, föstudaginn 11. maí, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 3/2018

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda Hundaræktarfélags Íslands sem barst siðanefnd 24. janúar 2018 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða X hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Við skráningu á hvolpum fæddum 7. september 2017 hafi komið í ljós að enskur Cocker Spaniel rakkinn A var ekki með niðurstöður úr DNA prófum fyrir PRA og FN þegar hann var paraður við tíkina B, en skv. grundvallarreglum félagsmanna þurfa þær að vera til staðar. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og vera með tilskilin vottorð um heilsufarsskoðun fyrir pörun. Í reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ, reglur sérdeilda segir um hundakynið enskur Cocker Spaniel:

„Enskur Cocker Spaniel

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.02.00). Greinist hundur með arfgengt cataract mun hann verða skráður í ræktunarbann. (Gildir frá 01.11.2011). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012). Undaneldisdýr skulu hafa undirgengist DNA próf gagnvart progressive retinal atrophy, prcd-PRA og niðurstöður skulu kunnar fyrir pörun. Ekki er nauðsynlegt að DNA prófa hunda þar sem fyrir liggur að báðir foreldrar eru PRA hreinir (normal clear by parentage, N/C/P). Óheimilt er að para saman hunda sem greinst hafa sem PRA berar (carrier). Heimilit er þó að para hund sem hefur greinst sem PRA beri svo framarlega að hinn hundurinn sé PRA hreinn (normal

clear, N/C eða normal clear by parentage, N/C/P). (Gildir frá 01.11.2011). Undaneldisdýr skulu hafa gengist undir DNA próf gagnvart familiar nephropathy (FN) og niðurstöður vera kunnar fyrir pörun. Ekki er nauðsynlegt að DNA prófa hunda þar sem fyrir liggur að báðir foreldrar eru FN hreinir (normal clear by parentage, N/C/P). Óheimilt er að para saman hunda sem greinst hafa sem FN berar (carrier). Heimilt er þó að para hund sem hefur greinst sem FN beri svo framarlega að hinn hundurinn sé FN hreinn (normal clear, N/C eða normal clear by parentage, N/P). (Gildir frá 01.11.2011)“

Óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins að tilskilin vottorð lágu ekki fyrir og telst kærða því vera brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Þar eð kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins þá þykir hæfileg refsing vera áminning.

IV. Niðurstaða

Kærða Y telst hafa gerst brotleg gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

F.h. siðanefndar

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Guðrún Margrét Baldursdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir